

EYSTRAHORN

4.tbl. 41. árgangur

9.febrúar 2023

www.eystrahorn.is



Mynd: Bjarni Jónsson



Guðlaug Hestnes og Örn Arnarson, eða Gulla og Brói eins og þau eru kölluð, eru búin að vera hjón í 48 ár og þar í 50 ár.

Hvernig kynnist þið?

Brói: Við vorum á balli í Þórsгарði, við kynntumst þar. Ég bauð henni upp í dans og gaf henni svo appelsín, segir hún.

Gulla: Ég flutti hingað 74“ og hef verið síðan. Við kynnumst haustið 73“, þá elti ég hann hingað. Hann var nú frekar á því að búa í bænum en ég var það ekki.

Hvað gerðuð þið á fyrsta stefnumótinu?

Gulla: Fórum við ekki í bíó?

Brói: Ég held að við höfum farið í bíltúr bara, ég var staddur í bænum með bílaleigubíl. Eftir það var ekki aftur snúið.

Gulla: Þetta var nú öðruvísi í þá daga, þetta er nú það langt síðan, við erum búin að vera gift í 48 ár. Við förum einhverntíman í bíó. Þegar við kynnumst var hann í slipp og hann fór með sínum vinum í Þórscaffi og ég með mínum og þannig kynntumst við. Það þurfti nú ekki meira til.

Hvað elskið þið mest í fari hvors annars?

Gulla: Það sem snýr að mér gagnvart Bróa er að hann er heiðarlegur, hundheiðarlegur. Traustur, heiðarlegur og skemmtilegur. Góður vinur. Þetta hefur verið allar götur.

Brói: Ég hef aldrei hugsað það til þess að segja frá því, en ja hún er bara góð stúlka sem mér þykir vænt um og allt í hennar fari fellur mér vel, svo fyrir utan það þá býr hún til góðan mat. Ég kann ekki að skilgreina það, en þetta er bara eitthvað sem maður laðast að og það er eitthvað í fari einstaklingsins sem ég laðast að.

Gulla: Þér fannst ég nú svolítið sæt?

Brói: Já já, já, og það má kannski segja að það örli nú á því enn!

Hvað fer þá mest í taugarnar á ykkur við hvort annað?

Brói: Nú förstu alveg með þetta, þetta getur bara valdið hjónaskilnaði.

Gulla: Ef ég er alveg hreinskilin þá er ekki neitt í fari Bróa sem fer í taugarnar á mér, ekki neitt. Það fer ekki í taugarnar á mér en hann er stundum lengi af stað ef við erum að fara til útlanda og svona þá þarf hann svolítið taltal en svo er það allt í lagi.

Brói: Hún er bílhreidd, en það fer ekkert í taugarnar á mér. Það truflar mig ekkert. Ég var sjómaður lengi og ég held ég hafi aldrei farið á sjó ósáttur, ég man allavega ekki til þess. Við höfum rölt þetta saman án þess að rífast mikið, en auðvitað hefur komið upp ágreiningur. Ef það gerðist aldrei, er eitthvað að.

Gulla: Hann fór ekki á sjó nema ég væri búin að setja utan um sængina hans. Þá var allt í lagi.

Brói: Þú kemur hérna og ferð að spila með karlakórnum 74“ og ég byrja að syngja með karlakórnum 76“ og síðan höfum við verið þar. Það gefur okkur mikið að vera saman í því. Það er svona áhugamálið okkar saman.

Gulla: Tónlistin tengir okkur líka. Hann syngur með mér þegar ég þarf á því að halda og kannski rúmlega það.

Brói: Þegar ég var á sjó og hún fór til Reykjavíkur og tók íbúð á leigu því ég var á leiðinni í síld. Ég ætlaði að vera hjá henni nokkra daga áður en ég færi út. Þegar ég kom til Reykjavíkur var hún að syngja í Þórscaffi með hljómsveit svo ég hitti hana ekki fyrr en daginn eftir, ég var sofnaður þegar hún kom heim. En það hefur alltaf gengið ágætlega.

Gulla: Tónlistin hefur alltaf tengt okkur, og ég hef getað gert það sem ég hef viljað gera í sambandi við það.

Brói: Á meðan ég var á sjó var þetta allt öðruvísi líf en það er í dag, þá var ég miklu minna heima. En við eignuðumst þessa einu dóttur og það var sameiginlegt að koma henni til manns og það gekk ágætlega, en Gulla sá mest um það eins og peningamálin.

Gulla: Bara það sem sjómanskona þurfti að gera, ég var ekkert ein á báti, við vorum margar sjómanskonur. Við Brói vorum með sömu barnapiuna í 2 ár. Svo ég gat farið á æfingar, ég var organisti í kirkjunni þá. Þetta var bara gott skipulag og gekk allt upp.

Hvað var besta augnablikið í sambandinu?

Brói: Besta augnablikið var þegar það var sagt að hún væri ekki lengur með krabbamein. Hún veiktist af krabbameini og var dauðvona á tímabili.

Gulla: En ég náði mér. Við höfum átt bara mjög gott líf og höfum ekki yfir neinu að kvarta.

Brói: Ég átti dreng þegar við byrjuðum saman og hún tók honum bara eins og sínum eigin, en hann dó langt fyrir aldur fram og það var vont. Við förum saman í gegnum það.

Gulla: En þetta fer aldrei og þá þurfum við að vera til staðar fyrir hvort annað. Alveg eins og þegar ég fékk krabbameinið.

Brói: Það var andskoti erfitt, þegar hún fékk þennan dóm, bara orðið, þú ert með krabbamein það er djöfullegt, eins og það var dásamlegt þegar henni var sagt að hún væri ekki með það lengur.

Gulla: Þegar það var búíð og við vorum að keyra heim, þá stoppaði hann upp á Hellisheiði í útskoti og rétti mér pakka. Það var hálsmen og heitir Kærleikskúla og þá vissi ég að þetta yrði allt í lagi, krabbameinið væri búíð og þetta var svona punkturinn yfir i-ið. Svo er annað ég er að horfa hérna á mynd fyrir framan okkur, við fengum þetta í brúðkaupsgjöf, þar stendur: *Mettaðu oss að morgni með visku þinni og náð*. Þetta hefur alltaf verið fyrir ofan eldhúsborðið hjá okkur og lýsir hvernig líf okkar hefur verið. Við höfum verið undir einhverjum verndarvæng.

Brói: Svo hangir giftingarvottorðið okkar upp á vegg inni í stofu, það gleymist oft að giftingarvottorð er jafnmikilvægt og öll önnur skírteini, ökuskírteini og passar. Auðvitað á þetta að vera upp á vegg. Allir eru fagaðilar með sveinsbréfin og allt það upp á vegg.

Gulla: Þannig við erum sennilega komin með meistrararéttindin í hjónabandinu. Til þess að fá þau réttindi þarf kærleika og væntumþykja, vináttu og heiðarleika. Þetta er það sem gefur hjónabandinu gildi og ég held það sé ekkert svo slæmt að það sé ekki hægt að leysa úr því með því að tala saman.

Hvað er það skemmtilegasta sem þið gerið saman?

Gulla: Það er auðvitað músíkin, það er svona það sem við gerum mest saman. En það er eitt sem stendur upp úr núna, við vorum á Tenerife og leigðum okkur eina rafskútu saman og keyrðum út um allt á henni saman. Brói keyrði og ég stýrði og við skemmtum okkur konunglega

Ef þið þyrftuð að lýsa sambandinu ykkar í einu orði, hvaða orð væri það?

Gulla: Virðing, ást og vináttu, ég segi það.

Brói: Já, já, ég kvitta undir það. Ef maður virðir ekki þá sem manni þykir vænt um þá bara er ekki nein væntumþykja, þá er allt farið.

Hvaða ráð mynduð þið gefa öðrum pörum?

Gulla: Að tala saman. Það var spurning í Reykjavík síðdegis hvort þú sem maki getur lesið facebook hjá makanum, hvort þú hafir rétt á því. Ég hugsaði með mér að ég hef engan rétt á að lesa facebookina hans en ég get það alveg og hann getur lesið allt sem ég skrifa og sendi frá mér, því það er bara ekkert að því. Engann feluleik.

Brói: Allt upp á borðinu, og með það erum við farin í partý með Þorrablótsnefndinni.



Amylee og Almar eru 18 ára gömul og búin að vera par í 3 ár.

Hvernig kynnist þið?

Amylee: Í sjöunda bekk

Almar: Ég kem til Hafnar og við vorum saman í bekk í 4 ár.

Hvað gerðuð þið á fyrsta stefnumótinu?

Amylee: Við fengum okkur ís.

Almar: Hún vildi veðja að ég gæti ekki deadliftað 140 kg í rættinni og við veðjuðum 5000 kr upp á það og eg gerði það, í staðinn fyrir pening ákváðum við að við myndum fara og fá okkur ís á Hafnarbúðinni og hún myndi borga.

Amylee: við vorum búin að þekkja í 4,5 ár áður en við byrjuðum saman, við vorum ekkert sérstaklega miklir vinir eða alls ekki vinir.

Hvað elskið þið mest í fari hvors annars?

Amylee: Það sem ég elska mest við Almar er að hann hugsar mjög mikið um mig og hann gerir stundum hluti sem ég er ekki endilega að biðja hann um að gera og hann gerir þá samt, the sweetest.

Almar: Hvernig hún er í rauninni. Hún lætur mig hlæja, það er það sem mér finnst best við hana.

Hvað fer þá mest í taugarnar á ykkur við hvort annað?

Almar: Ég veit 100% hvað þetta er, þegar ég segi einn hlut sem tengist ekki neiinu og svo breytir hún þeim hlut í hausnum á sér í eitthvað annað. Eins og þegar ég segi: mér líkar ekki við þetta, þá segir hún: þú elskar mig ekki lengur og ég er bara ohhh. Hún er að grínast oftast en stundum ekki og það getur stundum verið pirrandi.

Amylee: Okey ég veit þetta sko, þegar þú ert að læra á hverjum degi og þú hefur tíma í skólanum en gerir það ekki en síðan þegar mig langar að gera eitthvað með þér þá ertu að læra, því þú gerir ekkert í skólanum. Eða ekki mikið í skólanum

Hvað finnst ykkur skemmtilegast að gera saman?

Almar: Horfa á eitthvað saman, bara kúra með tölvu og horfa á eitthvað, mér finnst það best. Sérstaklega þegar það er góður sjónvarpsþáttur, jafnvel líka þegar það er lélegir þættir.

Amylee: Já það er nice, ég er sammála.

Hvað er besta augnablikið í sambandinu ykkar?

Almar: Ég myndi ekki segja að það væri bara eitthvað eitt, mér finnst allt vera mjög gott.

Amylee: Aww, ég get hugsað um eitt svona augnablik. Þegar við horfðum fyrst á Karate kid, það var næs. Fyrsti hittingur heima hjá Almari.

Ef þið þyrftuð að lýsa sambandinu ykkar í einu orði, hvernig mynduð þið lýsa því?

Almar: Heilbriggt

Amylee: Já!

Hvernig haldið þið rómantikinni á lífi í sambandinu?

Amylee: Við reynum alltaf að fara á deit þegar við eigum sambandsafmæli.

Almar: Síðan er það líka bara að reyna að gera hluti sem ekki er spurt um, eins og hún sagði áðan. Bara gera svona aðeins aukalega.

Amylee: Já það er alltaf mjög næs

Hvað mynduð þið ráðleggja öðrum pörum til þess að eiga gott samband?

Almar: Samskipti skipta mestu máli. Ef eitthvað er að, tala saman, ekki bara halda því inni. Ef Amylee er að gera eitthvað sem lætur mér líða illa, í staðin fyrir að halda því að sjálfum mér og byrgja það inni þá segi ég bara, hey þetta er svona getum við unnið að þessu. Í heilbrigðu sambandi segir hin manneskjan þá, já ég skil ég skal reyna að vinna í þessu.

Amylee: Já ég er alveg sammála þessu.

Ætlið þið að gera eitthvað á valentínusardaginn?

Amylee: Já við ætlum að halda upp á hann. Við erum ekki með neitt planað eða er það!? Ég gæti verið með smá surprise, en það er læni.

Almar: Ég vildi bara deila honum með Amylee.



Hanna Guðrún Kolbeins og Tryggvi Valur Tryggvason eru búin að vera saman í 12 ár og eiga saman 3 börn.

Hvernig kynnist þið?

Hanna: Á búningaballi á Víkinni, ég var í einhverskonar hermannaþúningi og hann var í skotapíls.

Tryggvi: Þetta var 2011, ég man ennþá þegar ég sá hana í hermannaþúningnum sínum, hún var alveg klárlega langfallegasta stelpan á ballinu, og er það ennþá.

Hvað gerðuð þið á fyrsta stefnumótinu?

Hanna: Við fórum bara á rúntinn.

Tryggvi: En það tók alveg rosalega langan tíma. Ég þurfti að vinna mikið fyrir því að fá hana til að bjóða mér á rúntinn.

Hvað er besta augnablikið í sambandinu ykkar?

Tryggvi: Þau eru auðvitað þrjú og við getum ekki gert upp á milli þeirra, börnin. Það eru búin að vera mörg ofboðslega góð augnablik en svo fellur auðvitað ryk yfir þau þegar börnin koma, ekki það að augnablikin séu eitthvað minna æðisleg, en fæðing þeirra stendur auðvitað upp úr.

Hvað elskið þið mest við hvort annað?

Tryggvi: Hún er alveg gríðarlega metnaðargjörn og dugleg. Besta dæmið um metnaðinn, hver önnur hefði tekið það að sér að gera mig að manni og búa til börn með mér. Hún er ofboðslega góð í öllu sem hún gerir, það er alveg sama hvert maður fer með henni eða hvað hún er að gera, ég er alltaf rosalega stoltur af henni.

Hanna: Sjúklega duglegur, skemmtilegur og sætur.

Hvað fer mest í taugarnar á ykkur við hvort annað?

Hanna: Fullkonnunaráráttan er aðeins of mikil stundum, og svo talar hann mjög hátt.

Tryggvi: Já þetta er stundum erfitt, hún talar nefninlega svo lágt. En ekkert fer jafnmikið í taugarnar á mér eins og áhugaleysi hennar á áhuga mínum á flugeldum.

Hvernig haldið þið rómantikinni á lífi?

Tryggvi: Við vorum duglegri við það fyrir nokkru síðan, svo er auðvitað frekar mikið að gera núna.

Hanna: Það er þá bara mjög einfalt, horfa á sjónvarpið í notalegheitum eða fara saman í göngutúr. Reynum að finna smá tíma hér og þar, en það er ekki hlaupið að því núna.

Hvað finnst ykkur skemmtilegast að gera saman?

Tryggvi: Reglulega förum við með krakkana út á fjörur eða út að Hoffellslóni, í svona fjölskylduferðir. Við erum líka mjög duglega að ferðast á sumrin með fjölskyldunni, það er lang skemmtilegast.

Hanna: Já fjölskylduferðirnar eru mjög góðar.

Getið þið lýst sambandinu ykkar í einu orði?

Hanna: Lífandi.

Tryggvi: Ótrúlegt.

Hvaða ráð mynduð þið gefa öðrum pörum?

Tryggvi: Að halda samtalinu alltaf gangandi.

Hanna: Sammála.



Verðskrá 2023

Upplýsingar á yara.is
og hjá sölumönnum.



Knowledge grows

Einkorna Yara áburður Hin fullkomna pakkalausn




SS var stofnað árið 1907 og er samvinnufélag búvöruframleiðanda. Það er markmið SS að selja bændum hágæða einkorna áburð á eins hagstæðu verði og mögulegt er. Með því stuðlum við að samkeppnishæfi innlendrar búvöruframleiðslu og úrvals afurðum neytendum til hagsbóta.

A-Skaftafellssýsla, Djúpavogshreppur
Bjarni Hákonarson
Sími: 894 0666
E-mail: bjarniha@yara.is



Sláturfélag Suðurlands
Fosshálsi 1, Reykjavík - 575 6070
yara@yara.is - www.yara.is



Lifandi vafi
Lifandi lífga með lífandi lífgum

Dagskrá vikunnar

Almennar samkomur
sunnudaga klukkan 13:00

Bænastundir
fimmtudaga klukkan 19:30

Við höfum til að sjá þig.

Jesús segir:
Ei nokkurn þyrstir þá komi hann
til mín og drekki.
Ei þjarta þess sem lítur á mig
munu renna
ískir lífandi vatni

Instagram Facebook



Frumherji Bifreiðaskoðun á Höfn 13., 14. og 15. febrúar.

Tímamantanir í síma 570-9090
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 10. febrúar.
Næsta skoðun 11., 12. og 13. apríl.

Frumherji

Þegar vel er skoðað



Lumar þú á grein eða áhugaverðu efni í Eystrahorn?

Við hvetjum þig til að senda okkur línu á
eystrahorn@eystrahorn.is

Valentínusardagurinn er dagur helgaður ástinni
sem haldinn er hátíðlegur 14. febrúar.

Nú er um að gera að gefa sinni heittelskuðu eða
sínnum heittelskaða fallegt skart eða aðra fallega
gjöf í tilefni dagsins.



S: 478-2535 / 898-3664
Opíð virka daga kl.13-18

Tónskóli

AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Tónskóli A-Skaft. verður með opið hús
milli kl. 11.00 og 15.00
laugardaginn 11. febrúar í Sindrabæ.
Tónleikar, spurningakeppni og
skemmtilegar upptakomur.
Allir velkomnir hvencær sem er á þessum
tíma.



Vantar þig gjöf fyrir Valentínusardaginn?

Við eigum blóm og gjafavöru fyrir
öll tilefni.

Við bjóðum upp á heimsendingu
á blómum, hægt að panta
fyrir fram.

Kíktu við í blómabúð Amor

Flokkstjórar við vinnuskóla

Auglýst er eftir flokkstjórum við vinnuskóla Sveitarfélagsins Hornafjarðar sumarið 2023.

Störfin henta öllum kynjum en æskilegur aldur er 20 ára eða eldri.

Leitað er eftir einstaklingum sem eiga gott með að vinna með öðrum, hafa frumkvæði, eru góðar fyrirmyndir, stundvísir, metnaðarfullir og samviskusamir.

Starfslýsing

Flokkstjórar stjórna starfi vinnuskólahópa, kenna nemendum rétt vinnubrögð, vinna með liðsheild og verkvit, eru uppbyggilegir og góðar fyrirmyndir

Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá, berist til Emils Morávek tólmstundafulltrúa á netfangið; emilmoravek@hornafjordur.is sem jafnframt veitir frekari upplýsingar.

Umsóknarfrestur er til 21. mars n.k.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Ferðafélag Austur-Skaftfellinga

Sunnudaginn 19. febrúar verður gengið að Fláajökli á Mýrum. Farið verður að jökullóninu vestan megin, Um er að ræða skemmtilega göngu um gróna jökulaura, öfluga varnargarða og stækkandi jökullónið fyrir framan jökulinn verður skoðað.



Erfiðleikastuðull göngunnar er einn skór. Allir eru velkomnir í göngur ferðafélagsins, ef hundar eru með í för eru þeir á ábyrgð eiganda og taumur skal vera meðferðis.

Hulda L. Hauksdóttir leiðir gönguna.

Lagt verður af stað frá tjaldstæðinu á Höfn kl. 10:00, einnig er hægt að mæta við afleggjarann austan við Hólum um kl. 10:30

Mikilvægt er að huga að veðurspá og haga klæðnaði í samræmi við spána, einnig er alltaf gott að hafa með sér nesti.

Þátttökugjald í göngur ferðafélagsins er kr. 1.000 fyrir einstaklinga, kr. 1.500 fyrir pör og frítt er fyrir 18 ára og yngri.

Elsku hjartans eigenmaður minn og besti vinur barna minna,



Sigtryggur Benedikts, skipstjóri, Hæðagarði 6, Höfn.



andaðist á Hjúkrunarheimilinu Skjólgarði þann 26. janúar. Útförin fer fram frá Hafnarkirkju þann 18. febrúar kl. 11:00.

Þeir sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð Skjólgarðs. Streymt verður frá athöfninni á heimasíðu Bjarnanesprestakalls, www.bjarnanesprestakall.is.

Bryndís Flosadóttir

Flosi Ásmundsson

Laufey Helga Ásmundsdóttir

Fanney Birna Ásmundsdóttir Sveinn Guðmundsson

Dagný Rós Ásmundsdóttir Timoty Masteliwch

Anita Rut Ásmundsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn



Austurbraut 20 Sími: 662-8281
Útgefandi: Eystrahorn ehf.
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Arndís Lára
Kolbrúnardóttir
Netfang: arndis@eystrahorn.is
Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes
Umbrot: Arndís Lára
Kolbrúnardóttir
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126

SPURNING VIKUNNAR- **HVAÐ ÞÝÐIR ÞAÐ AÐ VERA ÁSTFANGIN?**



Adriana Rós Wegner
Barn í maganum. Ég bý í rosa stóru húsi.



Fanney Svava Sigurðardóttir
Að elska aðra



Emilía Þöll Nielsdóttir
Vera góður




Ernir Stígsson
Að maður elskar einhvern



STÓRT ÁR FRAMUNDAN

Grétar Örvarsson tónlistarmaður er Hornfirðingur í húð og hár. Hann fæddist á Þinghóli, heimili afa hans, Karls Unnars Magnússonar, sem var innabúðarmaður í járnvörudeild Kaupfélagsins alla sína starfsævi og ömmu, Signýjar Gunnarsdóttur. Amma Grétars tók sjálf á móti honum, en á þessum tíma var hún ljósmóðir sýslunnar. Grétar ólst þar af leiðandi upp við að sængurkonur dveldu á heimilinu og urðu allir heimilismenn að sýna ítrustu tillitsemi og nærgætni þegar barnsfæðingar stóðu yfir.



„Mér leið afskaplega vel á hólnum hjá afa og ömmu sem bjuggu á efri hæð Þinghóls“, segir Grétar. „A neðri hæðinni bjuggu Ásgeir ömmubróðir minn og Mæja kona hans ásamt börnum sínum Gunnari, Ingvaldi og Ástu. Á þessum tíma var Hornafjörður einn risastór leikvöllur fyrir okkur krakkana, sandeyrin, bryggjan, Óslandið, Leiðarhöfðinn, sundlaugin og fótboltavöllurinn. Ekki má gleyma bíóinu hjá Ragga Björns í Sindrabæ, enda sást lítið í sjónvarpinu vegna slæmra skilyrða! Þetta var dásamlegur tími.“



Spurður út í tónlistarferilinn segir Grétar: „Þabbi var mér mikil fyrirmynd og fetaði ég ungur í spor hans. Ég byrjaði að spila á Hótel Höfn 15 ára gamall og í framhaldi af því spilaði ég með hljómsveitunum Ringulreið og Tilbreytingu, aðallega í Sindrabæ. Þá voru böllin vel sótt nánast hverja helgi enda fjöldi aðkomufólks við vinnu á Höfn yfir vertíðartímamann og eins yfir sumartímamann. Þá var líka nóg að gera í humrinum og bærinn að byggjast upp.“ Grétar flutti til Reykjavíkur um tvítugt en hafði áður verið einn vetur í tónlistarnámi við Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Hann segir ræturnar sterkar og að sér þyki alltaf jafn vænt um heimabæ sinn.



Grétar er með mörg járn í eldinum. Á þessu ári fagnar Stjórnin, hljómsveitin sem hann stofnaði upp úr Hljómsveit Grétars Örvarssonar, 35 ára afmæli. „Af því tilefni verða stórtónleikar í Háskólabíói 30. september auk þess sem Stjórnin mun spila á landsbyggðinni í sumar“, segir Grétar. Þá standa fyrir dyrum tónleikar bæði í Salnum í Kópavogi og í Hofi á Akureyri undir heitinu Sunnanvindur, eftirlætislög Íslendinga. „Þessir tónleikar urðu til upp úr tónleikum sem ég hélt til heiðurs og til minningar um föður minn, Örvar Kristjánsson harmónikkuleikara. Þabbi var einn af ástsælustu harmónikkuleikurum þjóðarinnar og spannaði tónlistarferill hans rúm sextíu ár. Hann gaf út 13 hljómplötur á sínum ferli og nutu mörg laga hans mikilla vinsælda.“



Grétar hefur minnst föður síns með veglegum hætti á síðustu tveimur árum. Minningartónleikarnir Sunnanvindur, eftirlætislög Örvars Kristjánssonar urðu að fernum tónleikum og seldist upp á þá alla. Þá framleiddi Grétar sjónvarpsþátt um líf og tónlistarferil föður síns, sem sýndur var á RÚV á sjömannadaginn í fyrra og eins gaf hann út nótnabók með lögum Örvars. Spurður út í fyrirhugaða tónleika í Salnum 14. apríl og í Hofi 15. apríl svarar Grétar: „Þessir tónleikar verða með öðru sniði en hinir fyrri þó að nafnið sé óbreytt. Í þetta sinn verða flutt eftirlætislög Íslendinga, sígildar dægurlagaperlur sem hafa flust á milli kynslóða. Nefna má lög eins og „Góða ferð“, „Ég er kominn heim“, „Segðu ekki nei“, „Litla sæta ljúfan góða“, „Því ertu svona uppstökk“, „Vegir liggja til allra átta“, „Ást“, „Það er bara þú“ og „Láttu mjúkra lokka flóð“. Þá verða jafnframt flutt nokkur af vinsælustu lögum þabba. Úrvalshópur tónlistarfólks verður með Grétari á sviðinu. Söngvarar auk Grétars verða þau Ragnheiður Gröndal og Karl Örvarsson bróðir hans. Hljómsveitina skipa Þórir Úlfarsson píanóleikari, Pétur Valgarð Pétursson gítarleikari, Haukur Gröndal saxófónleikari, Eiður Arnarsson bassaleikari og Sigfús Óttarsson trommuleikari. Þá leikur Ásta Soffía Þorgeirsdóttir á harmónikku. „Þetta eru tónleikar fyrir alla þá sem hafa yndi af íslenskum dægurlagaperlum og eins unnendur harmónikkutónlistar“, segir Grétar að lokum.

Sunnanvindur

— Eftirlætislög Íslendinga —

Salurinn Kópavogi
14. apríl

Hof Akureyri
15. apríl



Miðasala á Tix.is
og Salurinn.is



Grétar Örvarsson · Ragnheiður Gröndal · Karl Örvarsson · Ásta Soffía Þorgeirsdóttir · Eidur Arnarsson
Sigfús Óttarsson · Þórir Úlfarsson · Haukur Gröndal · Pétur Valgarð Pétursson

Starfsfólk óskast



Okkur á Hótel Jökli vantar gott fólk í vinnu í vor og fram á haust. Störfín sem við leitum að fólk í eru fjölbreytt:

Vinna í móttöku (Lobby) : viðkomandi þarf að vera orðin 18 ára með gott vald á íslensku og ensku. Þekking á tölvuvinnu æskileg.

Matreiðslumeistara eða starfsmanni í eldhúsi á veitingarstað: viðkomandi þarf að vera vanur að vinna í stóru eldhúsi og elda fyrir hóp að fólk.

Önnur hótelstörf: þrif , morgunmat, aðstoð í eldhúsi og þjóna á veitingarstað.

Umsóknarfrestur er til **25 febrúar 2023**
Umsóknir og fyrirspurnir sendist á
magga@hoteljokull.is

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA

SAMVERA í Ekru föstudaginn 17. febrúar kl. 17:00. Sýnum bíó. Nánar í næsta blaði



Vöfluball í Ekru sunnudaginn 19. febrúar kl 15:00. Nánar í næsta blaði

HÖFUM GAMAN SAMAN!

FUNDARBOÐ

Félagsfundur í félagi Harmonikuunnenda, Hornafirði, verður haldinn í Ekrusal laugardaginn 11. febrúar kl. 14.00

Félagar hvattir til þess að mæta

Stjórnin.



HORNAFJÖRÐUR NÁTTÚRULEGA!



Þegar ég hóf störf hjá sveitarfélaginu síðasta sumar sá ég nýlega stefnu sem kallast Hornafjörður náttúrulega. Um er að ræða heildarstefnu fyrir sveitarfélagið til næstu fimm ára. Þessi vandaða stefna byggir á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og var hún fyrst kynnt í september 2021.

Að móta stefnu er auðvelt - í innleiðingunni fara hlutirnir úrskaiðis

Að móta stefnu er eitt, en að innleiða stefnu og breyta eftir henni getur hins vegar verið mikil áskorun. Rannsóknir sýna að aðeins litlum hluta þeirra fyrirtækja og stofnana sem ráðast í stefnumótun tekst að innleiða stefnu í kjölfar stefnumótunarvinnunnar. Oftar en ekki enda þessar stefnur ofan í skúffu. Það má ekki gerast með Hornafjörður náttúrulega!

Innleiðing Hornafjörður náttúrulega

Til að virkja þessa heildarstefnu höfum við sett af stað mikilvægt verkefni sem felur í sér innleiðingu stefnunnar í allt starf okkar stofnana. Þannig munum við vinna markvisst að því að breyta okkar hegðun til samræmis við gildi og áherslur Hornafjörður náttúrulega. Þegar hafa verið haldnir fundir með öllum forstöðumönnum stofnana þar sem stefnan og innleiðingaráætlun hennar var til umræðu. Einnig eru farnir af stað kynningarfundir með öllu starfsfólki sveitarfélagsins. Þá verða vinnustofur með fulltrúum stofnana þar sem við förum yfir markmið stefnunnar og fáum fram hugmyndir starfsfólks um aðgerðir og mælikvarða.

Fjórir átaksmánuðir byggðir á megináherslum

Hornafjörður náttúrulega byggir á fjórum megináherslum:

- Að vera leiðandi í umhverfis- og loftslagsmálum
- Að stjórnsýslan sé bæði gegnsæ og aðgengileg
- Að hér sé blómlegt atvinnulíf
- Að vera fjölskylduvænt samfélag

Í innleiðingarferlinu munum við tileinka hverri áherslu einn mánuð ársins - svokallaðan átaksmánuð. Apríl verður tileinkaður umhverfis- og loftslagsmálum, maí síðan aðgengilegri og gagnsæri stjórnsýslu og loks október og nóvember hinum tveimur. Í þessum átaksmánuðum mun hver stofnun fyrir sig vinna að fyrir fram skilgreindum aðgerðum og markmiðum sem þau hafa komið sér saman um og tengjast áherslunni hverju sinni.

Er þetta ekki bara enn ein stefnan?

Hornafjörður náttúrulega er heildarstefna sveitarfélagsins okkar og tekur til allrar starfseminnar. Stefnan er yfir alla flokkadrætti og pólitík hafin. Stefnan snýst einfaldlega um að sveitarfélagið okkar verði enn eftirsóknarverðari búsetukostur og staður sem fólk vill sækja heim í auknum mæli. Staður þar sem mannlíf og lífsgæði blómstra í sátt og samlyndi við umhverfi og náttúru. Staður þar sem fólk hefur jöfn tækifæri og þjónusta er framúrskarandi og menning er lifandi.

Þetta er ekki áhlaup heldur langhlaup

Það getur verið varasamt að ætla sér að fara of bratt í innleiðingu þar sem óskað er eftir nýrri hugsun og hegðun starfsfólks. Þess vegna munum við búa vinnuna niður og gera okkar allra besta til að allir geti fundið sig í verkefninu. Allt frá bæjarstjórn og út í stofnanirnar og skólana, ráðhúsið og höfnina - allir taka þátt og eiga að finna sinn stað í verkefninu. Við erum að leggja af stað í langferð en ekki stuttan sprett.

Verkefnastjórn og upplýsingagjöf

Við höfum fengið til liðs við okkur einvalalið frá Nýheimum þekkingarsetri og munu þau halda að stórum hluta utan um skipulag verkefnisins og upplýsingagjöf. En það er mikilvægt engu að síður að muna að það eru stjórnendur sveitarfélagsins og ekki síst ég sjálfur sem er eigandi verkefnisins og það mun reyna mikið á okkur í innleiðingarferlinu.

Á þetta erindi við mig?

Hornafjörður náttúrulega á að okkar mati erindi við allt sveitarfélagið. Í þessu sambandi munum við segja reglulega fréttir af innleiðingarferlinu og þeim árangri sem við náum saman. Ef fólk vill fá meiri upplýsingar um Hornafjörður náttúrulega þá má finna stefnuna á vef sveitarfélagsins og fljótlega munum við opna þar upplýsingasvæði um verkefnið, slóðin verður www.hornafjordur.is/natturulega. Þar munu helstu upplýsingar verða gerðar öllum aðgengilegar.

Stefnumótun og innleiðing í sinni einföldustu mynd

Stundum vex stefnumótun og innleiðing stefnu fólki í augum. Í sinni einföldustu mynd má segja að við séum einfaldlega að ákveða hvert við viljum fara og hvernig á að komast þangað. Svo verða eðli málsins samkvæmt hindranir í veginum en saman ryðjum við þeim úr vegi og höldum ótraud áfram.

Tökum höndum saman um enn betri Hornafjörð

Með verkefninu Hornafjörður náttúrulega ætlum við að virkja allt starfsfólk sveitarfélagsins. Virkja verðmætan mannauð okkar til að taka höndum saman og bæta samvinnu og samstöðu. Með jákvæðni og hugrekki að leiðarljósi er ég alveg sannfærður um að okkur mun takast vel til.

Áfram Hornafjörður!

Sigurjón Andrússon bæjarstjóri

hornafjörður
náttúrulega!

EKKERT VATN, EKKERT RAFMAGN, EKKERT MÁL! ÞURRSALERNIN Í VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐI

Alþjóðlegi salernisdagurinn var haldinn í nóvember á síðasta ári. Af því tilefni vekur Vatnajökulspjódgarður athygli á þurrsalernum sem sjálfbærri salernislausn en alls eru nú þurrsalerni í rekstri á þremur stöðum innan þjóðgarðsins. Uppbygging og rekstur þurrsalerna styður við 6. heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um að tryggja aðgengi að og sjálfbæra nýtingu á vatni og salernisaðstöðu.

Vatnajökulspjódgarður leggur áherslu á að veita góða þjónustu á áfangastöðum í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun. Á mörgum svæðum getur reynst snúð að sinna helstu grunnþörf manna. Uppsetning þurrsalerna þar sem er takmarkað aðgengi að vatni og rafmagn, og ef fara þarf langa leið með úrgang, reynist vera þar sjálfbærari rekstur en uppsetning og rekstur hefðbundinna vatnssalerna.

Í haust var tekið í notkun nýtt þurrsalerni við Heinabergsjökul. Útfærsla og hönnun á þurrsalerninu er álíka og á fyrstu þurrsalernum sem sett voru upp við Vikraborgir 2018 og við Dettifoss vestanverðan 2020 og byggir á finnskri fyrirmynd. Á öllum þessum salernum er ekkert vatn og engin rotþró. Föstum úrgangi er safnað í tunnur í kjallara og þvag fer á stærri salernunum áfram í sérstakan tank. Úrgangsefnið, íblandað viðarkurli, er svo meðhöndlað og nýtt til uppgræðslu í samstarfi við Landgræðsluna.



„Í heildina hefur gengið ótrúlega vel að sinna þessum salernum. Starfsfólk tók góðan þátt í hönnunarferlinu sem skilaði sér í góðri aðstöðu fyrir þau sem sinna þurfa daglegum rekstri. Góðar upplýsingar til notenda, bæði starfsfólks og gesta, skipta líka miklu máli.“, segir Sigurður Erlingsson, landvörður á norðursvæði Vatnajökulspjódgarðs en hann hefur sinnt eftirliti á salernum við bæði Vikraborgir og Dettifoss frá upphafi.

Vert er að benda á að töluvert meira rekstraröryggi fylgir þessum salernum en t.d. rekstri vatnssalerna á köldum svæðum því ekki þarf að hafa áhyggjur af því hvort lagnir stíflist eða það frjóni í lögnum. Húsin eru þó ekki alveg án orku, því sums staðar er sólarorka er nýtt til lýsingar. Fjármögnun framkvæmda við þurrsalernin kemur að mestu úr Landsáætlun um uppbyggingu innviða á friðlýstum svæðum.

Þurrsalernin eru gjörólik hefðbundnum, A-laga kömrum sem margir Íslendingar kannast við. A-laga kamrarnir eru engu að síður hluti af salernisþjónustu Vatnajökulspjódgarðs. Á fáfarnari slóðum eru kamrarnir nauðsynlegir innviðir til að veita grunnþjónustu og til verndar umhverfi og ásýnd. Í sumar voru settir upp sex nýir kamrar víðsvegar um þjóðgarðinn.

Laugardaginn 19. nóvember var haldið uppá Alþjóðlega salernisdagurinn (e. World Toilet Day). Dagurinn hefur verið haldinn árlega af Sameinuðu þjóðunum frá 2013 til að fagna salernum og vekja athygli á þeim 3,6 milljörðum manna sem ekki hafa aðgang að öruggri hreinlætisaðstöðu. Meginskilaboð dagsins í ár eru tvö konar: 1. Öruggur rekstur á hreinlætisaðstöðu verndar grunnvatn fyrir mengun vegna úrgangs manna. 2. Gera þarf betur til að tryggja örugga hreinlætisaðstöðu fyrir alla jarðarbúa fyrir árið 2030, eins og stefnt er að í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Vatnajökulspjódgarður fagnar því að geta stutt við 6. heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um að tryggja aðgengi að og sjálfbæra nýtingu á vatni og salernisaðstöðu, með uppbyggingu og rekstri þurrsalerna. Uppbyggingin heldur áfram og á næsta ári er stefnt að opnun þurrsalerna á tveimur stöðum, við Langavatnshöfða og Hólmatungur í Jökulsárgljúfrum.

ORÐALEIT

Ástarbréf Jökulalda

Sleifarlag Vagnkjálki

Þverrifa Mektarmaður

Rorra Bændaglíma

Trefjaríkur Hrossahlátur

I P P C R Q O S V P G A W R T B K A W T
Z K X K D L F S K B J W P A I S W N L Z
A S X Z G K N D Q J X M D A U Z C D M E
G R H D I Å C T I C P S C F J U O E L X
A T R M D S J E O T H N M S X W K E Z U
D M M O B T Z U G K D I L H L T K Y D G
B J K E R A M R J T R E F J A R I K U R
Æ I Y J K R I W S L I L X R O D G M G C
N V F D Q B F F L F O D M R I K D I F F
D T H Q D R U U A A K A T U J B S K H J
A A L X K E W R F V Ø W A P D A Q L T D
G A D Z X F L I J U E T B A L D C Å Z A
L X W U F A R Y R A D L A L U K Ö J H S
Í L P W G R U T Å L H A S S O R H K L L
M Z A X E X V F V G L K D U Q I D N R K
A M F V V I C X V D T Z E G J F F G D L
L D P J A U C N I E B U X B D W D A V P
C F D M R B O M I N S C X V O X F V P N
G C M Q D F F Y F C L K I W G E W Q H U
D Q M F S N T N S I V C S E O X G Y E R

1228 PÍPUR – HLJÓMA Í HAFNARKIRKJU



Undanfarnar þrjár vikur hefur farið fram allsherjar hreinsun og viðgerð á pípuorgelinu í Hafnarkirkju en slík yfirferð hefur ekki verið framkvæmd frá því að orgelið var sett upp í kirkjunni árið 1996. Til verksins voru fengin Björgvin Tómasson orgelsmiður og Margrét Erlingsdóttir kona hans. „Já, það kemur fólki yfirleitt á óvart fjöldi pípanna í svona orgeli“ segja þau í stuttu viðtali hér.

Hefur smíðað 41 orgel

„Við erum bæði Mosfellingar, alin upp í Mosfellssveit eins og sveitarfélagið

hét í okkar æsku. Ég lærði orgelsmiði í Þýskalandi og tók þar sveinspróf 1983 og Margrét er lærður rafvirki. Í dag erum við búsett á Stokkseyri og rekur þar okkar orgelverkstæði þar sem við önnumst smíði á pípuorgelum og viðgerðum á harmóníum hljóðfærum. Harmóníum er það hljóðfæri sem á Íslandi gengur oftast undir nafninu orgel eða jafnvel pumpuorgel þar sem það er stigið með fótunum. Alls hafa verið smíðuð 41 orgel á orgelverkstæðinu frá 1988.

Pípuorgel merkileg hljóðfæri

„Orgel Hafnarkirkju hefur 21 rödd sem skiptast á tvö hljómborð og pedal og hefur alls 1.228 pípur af ýmsum stærðu allt frá 9,5 mm upp í þær stærstu 2,5 m sem eru sjáanlegar fremst. Þessi stærð af orgeli hentar kirkjunni mjög vel og eru nokkuð mörg orgel í kirkjum landsins af svipaðri stærð.

Helst má finna að staðsetningu orgelsins í kirkjuskipinu. Það tekur ansi mikið pláss og skapar töluvert ójafnvægi í kirkjunni. Ef til vill verður einhvern tíma hægt að bæta úr því. Við hreinsun á orgeli Hafnarkirkju voru allar pípur teknar úr hljóðfærinu og þrífarnar. Hljóðfærið var allt þrifið hátt og lágt og öll mekanik þess yfirfarin. Þegar pípurarnar höfðu verið settar í orgelið að nýju var inntónun hverrar raddar yfirfarin og hljóðfærið stillt. Stilling hljóðfærisins er einna vandasamasta verkið og þar er það eyra orgelsmiðsins sem segir til um hvort tónninn sé réttur. Engin tæki eða mæljar eru notaðir við slíka stillingu.“

Markaðurinn að mettað

Innt eftir hvort mikið sé að gera um þessar mundir segja þau: „Það hefur verið frekar rólegt uppá síðkastið hvað varðar nýsmíði á orgelum. Til skamms tíma vorum við fjögur við vinnu á orgelverkstæðinu en síðustu misseri höfum við bara verið tvö og sinnt hreinsunum, viðgerðum og stillingum. Smátt og smátt mettað markaðurinn á Íslandi fyrir ný pípuorgel og svo er alltaf samkeppni erlendis frá og sem dæmi má nefna að nýjasta orgelið á Íslandi kom frá Ungverjalandi.“

Ánægð með dvölinu á Höfn

„Okkur hefur líkað dvölin hér á Höfn alveg einstaklega vel. Við höfum haft afnot af Vallanesi (Höfðvegi 5) og þar er gott að dvelja. Í hádeginu höfum við borðað á dagdvöl aldraðra og fengið þar alveg þrýðis mat. Þar höfum við kynnst afar skemmtilegu fólki og átt við það mjög gott spjall.

Bestu kveðjur fá starfstúlkurnar þar, Anna, Ásta, Lovisa og Vigdís.

Eins viljum við koma á framfæri þakklæti til Ragnars Imsland en það var ómetanlegt að fá afnot af verkstæði hans. Leiðsögn hans og Júlíu um bæinn var einstaklega fróðleg og skemmtileg svo maður tali nú ekki um heimili þeirra sem er eitt stórt listaverk. Afar ánægjulegt samstarf höfum við átt við Albert, Jörg og séra Stíg og Brói og Guðlaug eru algjörar perlur.“

Fulltrúar Hafnarsóknar og starfsfólk lýsa yfir mikilli ánægju með störf þeirra hjóna og samskipti og þakka fyrir vel unnið verk.

SALTFISKUR AÐ HÆTTI BJARNA

Til þess að elda góðan mat þarf fyrst og fremst gott hráefni. Eitt það allra besta sem hægt er að fá eru útvatnaðir saltfiskhnakkar. Oft er einfaldleikinn bestur og það á svo sannarlega við hér. Hér kemur einn af mínum uppáhalds réttum.

HRÁEFNI

Olía

Laukur

Smjör

Hvítlaukur

Saltfiskhnakkar

Íslenskar kartöflur

Skerið kartöflur í bita og sjóðið þangað til þær eru næstum því tilbúnar en ekki fullkláraðar. Takið stóra pönnu og setjið lauk og hvítlauk ásamt olíu. Bætið við smjöri þegar steiking er komin vel af stað og bætið kartöflunum út á pönnuna. Veltið saltfisk uppúr hveiti og setjið á pönnuna. Markmiðið er að laukurinn sé steiktur, kartöflurnar gullinbrúnar en saltfiskurinn ekki ofeldaður. Berið fram og njótið með góðu rauðvíni. Þrátt fyrir að gullna reglan sé sú að drekka hvítt með fiski þá er fátt betra en bragðmikið Rioja vín með saltfiskinum.

Þá vil ég skora á vin minn Stjána Guðna að henda í eina góða uppskrift fyrir næsta blað.



Bjarni Ólafur Stefánsson sendir okkur þessa gírnilegu uppskrift.